

Fundargerð aðalfundar Afréttarmálagfélags Flóa og Skeiða  
Haldinn að Þingborg 24.08. 2022.

1. Formaður setti fundinn og stakk upp á Jóni Vilmundarsyni sem fundarstjóra og Ari B Thorarensen sem fundarritara var það samþykkt.
2. Kannað var lögmati fundarins og voru 7 kjörnir fulltrúar mættir ásamt einum varamanni.

Frá Sv. Árborg: Ari B Thorarensen og Baldur Gauti Tryggvason.

Flóahreppi: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þorsteinn Logi Einarsson, Skeggi Gunnarsson og Harpa Magnúsdóttir varamaður.

Skeið-Gnúp: Jón Vilmundarson og Ingvar Hjálmarsson varamaður.

Fjallkóngar þeir Ingvar Hjálmarsson, Ágúst I Ketillsson, Hafliði Sveinsson og Halldór Vilhjálmsson og einnig 9 gestir.

3. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar og gjaldkeri reikninga félagsins.

Umræður og spurningar voru um skýrsluna og reikninga og svöruðu formaður og gjaldkeri þeim. Skýrsla stjórnar og reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða.

4. Fundurinn samþykkti að fjallskil verði kr. 50,- á jarðarþúsund, kr. 270,- á heimafé og kr. 380,- á fjallfé.

Dagkaup fjallmanna verði óbreytt kr. 4500,- per. dag og laun í eftirsafni verði kr. 22.500,-

Leiga á húsum verði 4.500,- per mann Kletti og 3.500,- per mann Hallarmúli.

Laun formanns og gjaldkera verði 100.000,- og annara stjórnarmanna 25.000,-

Umræður voru um fjallskil á fundinum vegna taps á smalahlutanum í reikningum félagsins og mikils kostnaðar á árinu 2019 og 2020 vegna smalamennsku.

.

5. Kosningar. Stjórnarmenn allir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ari B Thorarensen, Jón Vilmundarsson og Steindór Guðmundsson og var sú tillaga samþykkt samhljóða og skiptist stjórn þannig: Formaður Ari Thorarensen, gjaldkeri Steindór Guðmundsson og meðstjórnandi Jón Vilmundarson  
Varastjórn Jökull Helgason og Þorsteinn Logi Einarsson.

5. Landbótaráætlun.

Steindór Guðmundsson fór yfir verkefni við landbótaráætlun og hvar var sáð og borinn á áburður og kjötmjöl og hvað væri framundan.

#### 6. Önnur mál.

Tilhögun réttarstarfa í Reykjaréttum og tilhögun smalamennsku nú á tímum Covid 19. Farið var yfir tillögur frá sóttvarnarlækni og landsambandi sauðfjárbænda. Ákveðið var að allir fjallmenn færu í covid próf rétt fyrir brottfarardag á afréttinn en annars yrðu smalamennskur með sama móti og áður. Austurleit gisti í Fossnesi en vesturleit f í Mástungu eins og áður hafði verið gert.

Ari B Thorarensen ritaði fundargerð.